

Fréttabréf



HAUSTFERÐ Í JÖKULHEIMA HELGINA 13. - 15. SEPTEMBER.

Hin árlega haustferð í Jökulheima verður farin dagana 13. - 15. september næstkomandi. Lagt verður af stað frá Mörkinni 6 föstudagskvöldið 13. september kl. 20.

Dagskrá ferðarinnar ræðst að nokkru leiti af veðri en nefna má gögnuferð um Heljargjá, grillveislur, kvöldvöku og varðeld. Ferðin er því tilvalin fyrir alla aldurshópa og jafnframt nýja sem reyndari félagsmenn.

Áríðandi er að tilkynna þátttöku sem fyrst til Steinunnar í sínum 894 9995 og 586 1696 eða á tölvupóstfang ssj@vedur.is og láta þá koma fram hvort óskað er eftir plássi í rútu/jeppa eða hvort viðkomandi getur tekið farþega.

HAUSTFERÐ Í JÖKULHEIMA HELGINA 13. - 15. SEPTEMBER.

Hin árlega haustferð í Jökulheima verður farin dagana 13. - 15. september 2002. Lagt verður af stað frá Mörkinni 6 föstudagskvöldið 13. september kl. 20. Ferðin verður mikið til spiluð af fingrum fram eftir veðri og þátttöku, en t.d. má nota laugardaginn til að ganga suður Heljargjá. U.þ.b. klukkutími verður notaður í að ganga um nánasta umhverfi skálanna og hreinsa allt rusl (sígarettustubba, plastbúta og annað) og er fólk því beðið um að taka með sér vinnuvettlinga. Á laugardagskvöldinu verður grillað (allir koma með eigin mat) og á eftir verður kvöldvaka og varðeldur. Nokkur hópur hefur sýnt ferðinni áhuga og eru þar á meðal bæði jeppaeigendur og aðrir. Það er þó enn óljóst hvort næg þátttaka fæst til að fylla rútu eða hvort hópnum verður skipt á þá jeppa sem tiltækir eru. Þess vegna er áríðandi að tilkynna þátttöku sem fyrst til Steinunnar í sínum 894 9995 og 586 1696 eða á tölvupóstfang ssj@vedur.is og láta þá koma fram hvort óskað er eftir plássi í rútu/jeppa eða hvort viðkomandi getur tekið fleiri farþega. Ef farið verður með rútu má reikna með að kostnaður verði í kringum 7000 kr á mann (miðað við brottför á föstudagskvöldi), en hann gæti orðið örlítið lægri ef farið verður á jeppum. Börn greiða hálf gald.

Hafið endilega samband strax!

Steinunn S. Jakobsdóttir, 894-9995, 586-1696, ssj@vedur.is

VORFERÐ JÖRFÍ 2002

Ferðin stóð dagana 31. maí til 8. júní og var með hefðbundnu sniði. Farið var í Grímsvötn um Jökulheima og Tungnaárjökul. Farartæki voru snjóbíll Landsvirkjunar, Dodge bíll JÖRFÍ, jeppar og vélsleðar. Þátttakendur allan tímann voru 19, 2 voru fyrri hluta ferðar og 4 slógust í hópinn síðustu dagana. Fararstjóri var Magnús Tumi Guðmundsson en stjórn matarbirgða var í höndum Sjafnar Sigsteinsdóttur. Við fórum frá Select stöðinni á Höfða föstudagskvöldið 31. maí og var ferðin tíðindalaus inn í Jökulheima. Á laugardagsmorgun var eldsneyti, tækjum og farangri staflað á kerrur og bíla. Lagt upp frá jökulrönd kl. tvö eftir hádegi. Eftir dálítið bras í röndinni gekk allt að óskum og var allur hópurinn kominn á Grímsfjall upp úr kl. átta um kvöldið.

Sleðahýsi Landsvirkjunar var með í för sem og ískjarnabor; var þessum búnaði komið fyrir í Grímsvötnum. Eftir ferðina vann síðan hópur vísindamanna þar við boranir í tvær vikur. Lagði félagið þessu verkefni lið með því að flytja mestallan búnaðinn. Í því skyni var m.a. farin sérstök ferð niður til Jökulheima þriðjudaginn 4. júní. Á fjallinu vöktu athygli okkar sigdældir og íshellar sem komnir eru á planinu norður af skálunum. Þar var nokkurt svæði sundursoðið af hita fram á brún. Mikil gufa steig upp úr hömrnunum í norðanverðu Grímsfjalli en gosstöðvarnar frá 1998 líta út fyrir að vera kaldari en var í fyrra. Á Eystri Svíahnúk var ísing með mesta móti og mundi enginn eftir því líku í vorferð. Sunnan á öllum húsum var 2-3 m þykk brynja sem náði upp yfir húspök.



Hluti hópsins á Grímsfjalli.

Dagarnir á jöklinum liðu hratt enda var veður yfirleitt hagstætt. Unnið var að fjölmörgum verkefnum að venju en gerð verður grein fyrir þeim síðar. Vatnshæð í Grímsvötnum var um 1350 m y.s., sem er með lægra móti enda hljóp úr vötnunum í apríl. Miðvikudaginn 5. júní fór stærstur hluti hópsins til Kverkfjalla og kannaði Gengissigið, lónið austan Kverkfjallaskála. Forvitni um aðstæður þar stafaði einkum af hlaupinu í janúar en það átti upptök í siginu. Við höfðum skoðað aðstæður á sama tíma í fyrra og þá

var vatnshæð allmiklu hærri en venjulega. Nú í vor var vatnið í siginu um 100 m lægra en riminn sem Kverkfjallaskálinn stendur á. Sem er svipað því sem oftast hefur verið. Ýmsar mælingar voru gerðar í ferðinni en þörf er á að varpa ljósi á hvaða aðstæður verða til þess að hlaupi úr Gengissiginu.

Með meiri afrekum ferðarinnar verður að teljast hreinsun á niðurfalli úr vaskinum í eldhúsinu. Þar sem það stíflaðist fyrsta kvöldið fóru sérfræðingar leiðangursins í að hreinsa niðurfallið með gufubor Raunvísindastofnunar. Sýnishorn af matarleifum síðustu ára komu upp úr rörinu ásamt fitu og öðrum ókræsilegheitum. Þeir Þorsteinn, Hannes og Sveinbjörn létu sér þó hvergi bregða og lauk verkinu með fullum sigri þeirra.



Gengissigið í Kverkfjöllum.

Hópurinn yfirgaf Grímsfjall í blíðviðri föstudaginn 7. júní. Niðurferðin gekk áfallalaust og um kvöldið var slegið upp veislu í Jökulheimum. Í veislunni var Hannesi Haraldssyni færð afmælisgjöf frá nokkrum ferðafélögum hans en hann varð sextugur í maí síðastliðnum. Var þetta

ánægjuleg stund en Hannes hefur í meira en aldarfjórðung tekið þátt í vorferðum félagsins og verið einn helsti mættarstólpi þeirra.

Laugardaginn 8. júní var gengið frá öllu tryggilega í Jökulheimum síðan haldið heim á leið eftir árangursríka vorferð. Lansdvirkjun lagði að venju til snjóbíll og bílstjóra og Hjálparsveit Skáta í Hafnarfirði útvegaði vörubíl til flutninga á eldsneyti og öðrum búnaði. Er þessum aðilum hér með þakkað þeirra framlag.

Magnús Tumi Guðmundsson



Við hitamælingar í Gengissigi.

SKAFTÁRHLAUP Í JÚLÍ 2002

Margir atburðir í náttúrunni endurtaka sig reglulega vegna hringhreyfingar himintungla svo sem árstíðirnar vegna göngu jarðar um sólu og sjávarföll vegna snúnings jarðar um sjálfa sig og göngu tungls um jörðu. Þetta hafa menn lært af langri reynslu og kunna að búa sér í haginn og jafnvel nýta náttúruöflin á ýmsan veg. Að undanfögnu hafa menn á meginlandi Evrópu verið minntir á það að veðurguðirnir hafa ekki alltaf reglu á um flóð og geta þau raunar komið hvenær sem er ársins ef þannig viðrar. Hér á landi þurfa menn að hafa varann á með flóð á vorin og svo geta komið flóð með haustrigningum, einkum á Austurlandi, og vetrarflóð eru tíð á Suðurlandi. Frægast er þó Ísland fyrir jökulhlaupin sem hér eru tíðari en annars staðar í veröldinni. Þegar eldgos verða undir jökli eru allar líkur á að verði hlaup þótt ekki sé það einhlítt. Eldgos þessi eru þó ekki mjög regluleg og ekki einfalt að búa sig undir þau. Önnur jökulhlaup eru nokkuð árviss eins og Grænalónshlaup voru lengi seinni hluta 20. aldar eða hlaup í Kolgrímu sem komu tvisvar til þrisvar á sumri er ísstífla brast og ekki síst Grímsvatnahlaup sem seinni hluta 20. aldar komu á um 5 ára fresti.

Vatnshæðarmælir hefur verið rekinn í Skaftá frá 1955 fyrst sem kvarði og síðan 1972 sem síritar við Skaftárdal og Sveinstind. Seinna hafa komið til síritar við Kirkjubæjarklaustur, í Ásaeldvatni og innan við Útfall Langasjávar um 3 km frá jökuljaðri. Síðan mælur voru fyrst settir upp hafa komið hlaup í ána með fúlum fnyk nokkurn veginn árlega að meðaltali. Skiptast þá á tiltölulega lítil hlaup sem komin eru frá jarðhitasvæði undir Vatnajökli skammt austur af Hamrinum og hlaup sem eru tvöfalt til þrefalt stærri frá jarðhitasvæði sem er um 5 km austar. Svo reglulega koma þessi hlaup að þau eru orðnir gamlir kunningjar vatnamælingamanna og þeirra er beðið með nokkurri eftirvæntingu.

Þann 8. júlí síðast liðinn voru vatnamælingamenn í mælingaferð að Skaftá við Sveinstind. Duldist þeim ekki að áin var í vexti og komin var kunnugleg jöklaflýla. Þegar var kvatt til frekara lið til að manna mælistöðvar við neðanverða ána og einnig til að mæla rennsli og aurburð við nýja mælistöð nálægt jökli. Urðu þeir sem fóru í efstu stöðina fyrir svo miklum eituráhrifum, trúlega af jöklaflýlunni, að þeir urðu óvinnufærir og náð var í þá með þyrlu. Samkvæmt myndum Matthews Roberts hjá Veðurstofunni virðist hlaupið hafa komið undan jaðri jökulsins í einu útfalli rétt vestan Skaftárfells eins og var í bæði skiptin sem hljóp í ágúst

2000 og oft áður. Samkvæmt mælingum á Skaftá hjá Sveinstindi náði mesta rennsli árinna 700 m³/s og heildarrúmmálið 140 milljónum rúmmetra. Þessar tölur benda frekar til að hlaupið hafi komið úr vestari katlinum enda staðfesti Matthew Roberts það með útsýnisflugi yfir jökulinn.

Um aldir lá jökulröndin fram á Fögrufjöll og rann þá jökulvatn í Langasjó sem þá var gruggugt jökulvatn. Árið 1966 hafði jökullinn hopað svo að allt jökulvatn náði sér fram fyrir norðan Fögrufjöll og síðan hefur Langisjór verið að hreinsast af jökulgormi. Er hann nú nánast orðinn tært fjallavatn. Áframhald Fögrufjalla lítið eitt hliðrað til austurs er fjallgarður sem gengur inn undir jökulinn og er kallaður Skaftárfell. Skaftá á upptök sín undan jökuljaðrinum allt frá fjöllunum vestan við Langasjávar lægðina og austur fyrir Lakagíga. Austustu kvíslar hennar koma því úr Síðujökli. Alla jafna eiga Skaftárhlaup upptök sín vestan við Skaftárfell en meðan gangur var í Síðujökli og Tungnárjökli 1994 og 1995 kom hluti Skaftárhlaupa upp austan við Skaftárfell og talsvert hlaupvatn kom fram í Hverfisfljóti. Önnur dæmi þess eru ekki þekkt. Efnismikil aurkeila runnin út úr skarðinu á mótis við Útfall Langasjávar sýnir svo að ekki verður um villst að Skaftárhlaup hafa að jafnaði upptök sín vestan við Skatárfell. Engum svo miklum aurhaugum er til að dreifa austan Skaftárfells. Ljóst er af þessu að geysimikið efni sem kemur undan jöklinum, einkum það grófasta fellur út tiltölulega skammt frá jökuljaðri og skilar sér ekki niður fyrir aurana austan Fögrufjalla. Mætti fara nokkuð nærri um hversu mikið það er með því að bera saman efnismagn í ofanefndri aurkeilu sem mæla má af loftmyndum frá 1945 og svo aftur á hvaða loftmyndum sem vera skal 1960, 1979, 1980, 1992, 1995 og 1998 en af síðast töldu myndunum hefur verið gert myndkort. Sömuleiðis má greina hversu mikið hefur bæst við aurkeiluna fyrir botni Langasjávar á sama tíma (Elsa G. Vilmundardóttir og fl. 1999).

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni komu tvær óróahviður fram á skjálftamælinum á Grímsfjalli meðan á hlaupinu stóð í Skaftá í júlí síðastliðnum. Önnur var að kvöldi þess 10. júlí með hámark um kl. 22 og hin kom næsta morgun og stóð hæst kl. 8-9. Má heita að það fari saman við síðustu gusurnar út úr kötlunum í jöklinum en vatnið er um hálfan sólarhring á leið sinni undir jöklinum að jökuljaðri. Þetta hefur Páll Einarsson á Raunvísindastofnun Háskólans túlkað sem lítið gos sem

orsakast af því að þrýstingi léttir af jarðskorpunni undir jöklinum en það er að sjálfsögðu eldvirkt svæði.

Jafnframt vatnshæðarmælingu við Sveinstind er mældur lofthiti, rakastig loftins, hitinn í vatninu og rafleiðni þess. Rafleiðnin jókst með vatnsrennslinu og þrefaldaðist á tæpum sólarhring en hætti að aukast að ráði nokkrum tímum áður en hlaupvatnið tók að sjatna. Mikil leysing á jökli varð til þess að rennslið í Skaftá tók nokkurn kipp þann 9. júlí til miðnættis er rennslið mældist mest. Eftir það dró jafnt og þétt úr því og má segja að hlaupinu hafi lokið um viku eftir að það hófst. Öðru máli gegnir um rafleiðnina. Hún tók annan kipp og heldur meiri í kjölfarið á óróahviðunum í jöklinum. Upp úr jarðhitasvæðum stíga jafnan ýmsar lofttegundir og á það að sjálfsögðu einnig við um þann jarðhita sem er lukinn jökli. Þar á gasið sér ekki undankomuleið frekar en vatnið og safnast því fyrir. Þegar loksins hleypur brýst gasið út með vatninu og hafa menn jafnan fyrst orðið varir við jökulhlaup er jöklaflýla barst út í loftið jafnvel þvert yfir landið ef svo hefur staðið á vindi. Sagnir eru til af því að jöklaflýla hafi drepit fugla í stórum stíl og jafnvel kindur. Mönnum hefur þótt flýlan hvítleið og henni jafnvel fylgt ónot en ekki um það fengist. Vatnamælingamenn sem næstir voru útfalli hlaupsins úr jöklinum í júlí 2002 fengu sinn skerf af jöklaflýlunni (kölluð brennisteinsvetni á máli efnafræðinnar) eins og við var að búast og meira til. Eftir sólarhrings veru á staðnum höfðu þeir nánast misst sjónina og andþrengsli háðu þeim. Því var ekki um annað að gera en að flytja þá af staðnum í þyrlu og náðu þeir sér alveg á nokkrum dögum. Brennisteinsvetni er veik sýra sem breytist í basa ef hún kemst í snertingu við rakt hold. Basi hefur mikil áhrif á augu og hafa margir blindast af því að fá hann í augun. Annars má geta þess að brennisteinsvetni er afar sterkt eitur og jafnast alveg á við blásýru. Lyktarskyn manna er mjög næmt fyrir efninu jafnvel í afar litlu mæli. Hins vegar finna menn miklu síður lyktina ef mikið er af þessu gasi í andrúmsloftinu og var það raunin með vatnamælingamennina sem verst urðu úti að þeir fundu nánast enga lykt.

Oddur Sigurðsson